



Oddeyrarskóli Árshátíðartengja



6. tölublað
skólaárið
2014-2015
Janúar 2015

Árshátíð framundan !

Kæru nemendur/foreldrar/forráðamenn!

Nú styttest óðum í árshátíð nemenda en hún verður dagana 23. og 24. janúar. Nemendur æfa nú af fullum krafti. Nemendur eru jákvæðir og standa sig afar vel við æfingarnar.

Íþróttakennsla fer því að hluta til fram utandyra og í kennslustofum nemenda.



Föstudaginn 23. janúar verða nemendasýningar.

Föstudagur 23. janúar

Nemendur mæta allir í heimastofur sínar á venjulegum tíma, þ.e. kl. 8:00 þá hefst undirbúningur sýninga og kl. 9:00 mæta allir nemendur á sal. Þá sýna nemendur sem verða á fyrri sýningu.

Að því loknu fara allir nemendur í stofur, borða nesti og teygja úr sér.

Pennan dag má koma með safu og sætabrauð til hátíðarbrigða (ath. ekki gos eða sælgæti).

Eftir nesti fara allir nemendur aftur á sal og þá sýna þeir bekkir sem eru á seinni sýningu.

Eftir frágang og lokaundirbúning fyrir laugardagssýningarnar er hádegismatur.

Skóladegi lýkur á sama tíma og venja er skv. stundatöflu á föstudögum .

Árshátíðarsýningar laugardaginn 24. janúar verða með eftirfarandi hætti:

Kl. 13:00 sýna 1. 2., 5., 7., 9. og 10. bekkur.

Kl. 16:00 sýna 10., 3., 4., 6. og 8. bekkur.

Miðasala og verð: Forsala á sýningarnar verður hjá Kristínu ritara á miðvikudag, fimmtudag og föstudag. Í forsölu kostar hver miði 400 krónur en á sýningardag (laugardag) kosta allir miðar 500 krónur. Krakkar á grunnskólaaldri greiða inn á sýninguna en frítt er fyrir börn undir 6 ára.

Fólk sem á börn á báðum sýningum getur látið vita í miðasölu og fá þá miða fyrir seinni sýninguna án endurgjalds.

Laugardagur 24. janúar

Á laugardegi eru sýningar fyrir fjölskyldur nemenda.

Aðsókn hefur alltaf verið góð og salurinn fullsetinn. Til að sem flestir geti fengið sæti hafa nemendur ekki verið á sýningum á laugardegi, heldur hafa verið með kennurum sínum í stofum meðan á sýningu stendur. Við biðjum foreldra um að virða þessa reglu vegna þrengsla og til þess að ráp verði sem minnst á sýningartíma.

Reynslan hefur sýnt að nær alltaf er rýmra á seinni sýningu og því biðjum við þá sem eiga valkost um sýningu (foreldra nemenda í 10. bekk) að koma frekar á þá seinni. **Við biðjum fólk um að sýna tillitssemi og yfirgefa ekki salinn fyrr en allir bekkir hafa sýnt sitt atriði.**

Foreldrar yngstu barnanna sækja síðan börnin sín í stofurnar að sýningum loknum, svo að allir komist í kaffi eða geti fylgst að heim á leið. Börnin eru á ábyrgð foreldra sinna í kaffihléi og eftir sýningar.

Árshátíðarball

Árshátíðarball verður fyrir nemendur 8.—10. bekkjar laugardagskvöldið 24. janúar. *Matur verður á Greifanum fyrir 10. bekk kl. 19:30.* Ballið hefst kl. 21:00 og stendur til miðnættis. Foreldrar nemenda í 10. bekk, kennarar og starfsmaður frá félagsmiðstöð annast skipulag og gæslu. Aðgangseyrir er 1.000 kr.



Mæting nemenda á laugardag — skipulagsdagur á mánudag

Nemendur mæta í heimastofur sínar á laugardag skv. upplýsingum hér fyrir neðan. Þeir nemendur sem eru í upphafi sýninga þurfa að vera mættir í stofu stundvíslega hálf tíma fyrir sýningu og allir aðrir þurfa að vera mættir í stofu 15 mínútum áður en sýning hefst (nánari boð um þetta koma frá kennurum hvers bekkjar).

Á árshátíðardaginn (laugardag) er **skyldumæting** nemenda. Í staðinn fá þeir frí **mánudaginn 26. janúar (skipulagsdagur kennara)**. Frístund er opin allan mánudaginn fyrir þá nemendur 1.-4. b. sem eru skráðir.

Fyrri sýning kl. 13:00	Seinni sýning kl. 16:00
1. og 2. b. heimastofa 1. bekkjar	3. og 4. bekkur í 1. bekkjar stofu
5. b. heimastofa	6. b. heimastofa
7. b. heimastofa	8. b. heimastofa
9. b. heimastofa	
10. b. heimastofa	



Kaffisala foreldrafélagsins

Eins og undanfarin ár munu foreldrar bjóða upp á glæsilegt kaffihlaðborð sýningardaginn 24. janúar. Hægt er að kaupa kaffi og kökur á milli kl. 14:00 og 16:00. **Athugið að kaffið er á milli sýninga og því þurfa þeir sem koma á seinni sýningu að byrja á að koma í kaffi.**

Ágóði kaffisölnunnar rennur til foreldrafélagsins sem m.a. styður við skólastarfið og störf bekkjarráða.

Verð fyrir kaffihlaðborð er 600 krónur fyrir fullorðna og 400 krónur fyrir börn á skólaaldri. Frítt er fyrir börn yngri en 6 ára.

Foreldrum er bent á að mjög gott væri að fá kökur í hús milli 11:00 og 12:00, en fulltrúar foreldrafélagsins verða í skólanum og taka á móti bakkelsi í heimilisfræðistofu.

Við minnum á nauðsyn þess að merkja brauðföt og kanna hvort hægt sé að fara með þau heim samdægurs, annars að vitja þeirra sem fyrst í heimilisfræðistofuna.



**Við hlökkum til að sjá ykkur sem flest á árshátíð!
Bestu kveðjur frá nemendum og starfsfólki Oddeyarskóla.**